

Slysagildirur og forvarnir

Skynjun barna á slyshættum er mjög lítil því þau hafa ekki sömu reynslu og þroska og fullorðnir.

Sjón, heyrn og hreyfing barns hefur áhrif á skynjun þess á nánasta umhverfi. Mikilvægt er að forráðamenn barna átti sig á mismunandi getu barna.

HEIMILIÐ**Eldhúsið.**

Í eldhúsinu er margt að varast. Þvottaefni fyrir uppþvottavélar og ofnhreinsaefni skal geyma í læstum skáp. Ólíklegt er að lítið magn (1 sopi, 1 teskeið, 1 úði) af þvotta- og hreinsiefnum sem notuð eru á heimilum valdi skaða. Eldavél þarf að vera veggföst (hættan er á að barnið opni bakaofninn, stígi upp á lokið og eldavélin velti yfir barnið).

- Geymdu öll eiturefni í læstum skáp.
- Öll lyf á að geyma í læstum lyfjaskáp (þar með talið vítamín og flúortöflur). Þau lyf sem oft valda eitrunum í börnum eru flúortöflur, verkjalyf, járn og vítamín en það eru lyf sem fólk lítur gjarnan á sem hættulaus efni.
- Geymdu allan heitan mat og vökva þar sem barn nær ekki til.
- Ekki hafa dúka á borðum því barn getur auðveldlega náð taki á þeim og steipt yfir sig heitum drykk eða mat.
- Láttu skóft á pottum snúa þannig að barn geti ekki teygt sig í þau.

Stofa

- Sígarettur og annað tóbaki getur verið varhugavert einnig áfengir drykki, lampaolía og rafhlöður. Tóbak er það efni sem hvað oftast veldur eitrun. Börn geta orðið fárveik af tiltölulega litlu magni af reyktu tóbaki (stubbar innihalda mikið magn af nikótíni).
- Snúra á rimlagardínunum getur verið lífshættuleg ef barn setur hana utan um hálsinn á sér og stekkur niður úr gluggakistunni. Mikilvægt er að snúrurnar séu vafðar upp á sérstakt stykki fyrir snúrur þannig að börnin nái ekki til þeirra. Nauðsynlegt er að festa bókahillur og skápa kyrfilega við vegg.
- Fjarlægðu leikföng, skó, bækur, rusl og rafmagnssnúrur úr gangvegi og stigum.
- Undir mottur á gólfum er gott að setja hálkunet til að fyrirbyggja að hún renni til.
- Ganga þarf úr skugga um að raflagnir séu í lagi. Setja öryggisloka í gamlar innstungur sem ekki eru með innbyggðri öryggislæsingu og gæta þess að rafmagnssnúrur séu heilar.
- Fjarlægðu lítil leikföng eða smáhluti sem börn geta auðveldlega sett í munninn. Kokhólkur (sjá mynd) er hjálpargagn sem notaður er til að mæla smáhluti. Hverfi hluturinn alveg ofan í hólkin er hann barni hættulegur.
- Notaðu öryggisbúnað í allar innstungur og millistykki (ef það vantar innbyggða öryggislæsingu) sem ekki eru í notkun.
- Fjarlægðu slitnar og trosnaðar rafmagnssnúrur.
- Skipta má plöntum gróflega í tvo flokka hvað varðar eituráhrif þeirra á fólk. Annars vegar eru plöntur sem geta haft áhrif á miðtaugakerfið og/eða hjartað og hins vegar plöntur sem innihalda safu sem er sérstaklega ertandi fyrir slímhimnur, augu og húðina. Litskrúðugar plöntur geta verið freistandi fyrir börn. Þegar nýjar pottaplöntur eru keyptar er rétt að athuga, t.d. hjá Eitrunarmiðstöðinni, hvort þær geti verið eittraðar.
- http://rki.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skyndihjalp_birtafrett&deta il=63737